

## Þróunarsjóður innflytjendamála 2014/ Development Fund for Immigration Issues

**Verkefni:** „Samvera og góðar minningar“

**Styrkþegi:** Hjálparstarf kirkjunnar

### **Útdráttur:**

Hjálparstarf kirkjunnar og Hjálpræðisherinn á Íslandi stóðu fyrir og skipulögðu sumarfrí fyrir 19 efnalitlar barnafjölskyldur, alls 65 þátttakendur af ólíku þjóðerni, í sumarbúðum skáta við Úlfjótsvatn 8. – 12. júní 2015. Markmiðið með verkefninu var að draga úr félagslegri einangrun og stuðla að samveru og gæðastundum fjölskyldnanna. Í fríinu upplifðu börnin styrk foreldra sem sýndu börnum sínum að þeir þora að fara út fyrir þægindarammann. Í boði voru boltaleikir, ratleikir, gönguferðir, bogfimi, sundferð, hestaferð, vatnasafarí, adrenalínarðurinn, kanóa- og hjólabátasigling. Klúbbar fyrir unglínga, mömmukvöld og kvöldvökur voru líka á dagskrá. Sumarfríið byggði á tilraunaverkefni frá 2014. Almenn og mikil ánægja var með verkefnið bæði sumrin. Þróunarsjóður innflytjendamála, Velferðarsjóður barna, fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar veittu styrk til verkefnisins og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir.

**Project Title:** „Staying together and creating good memories“

**Grantee:** Icelandic Church Aid

### **Abstract:**

In June 2015, the Icelandic Church Aid and the Salvation Army in Iceland organised a week long summer camp for underprivileged families at Ulfjotsvatn camping site. Nineteen families, 65 women and children of diverse nationality, participated in the programme run to counter social isolation and to build bridges between people of different origin. Various activities were on offer and the participants gave a very good feedback at the end of the week. Financial support was provided by the Ministry of Welfare, private funds and individuals and for which the organisers are very thankful.